

Notkun insúlíns á meðgöngu

Leiðbeiningar um lyfjagjöf

Ef blóðsykur verður of hár á meðgöngu getur verið nauðsynlegt að nota insúlín til að lækka hann. Of hár blóðsykur getur haft áhrif á líðan barns á meðgöngu og eykur líkur á að barn verði of þungt.

Notaðar eru tvær tegundir insúlíns við of háum blóðsykri

Langvirkt insúlín


- Langvirkt insúlín er notað ef fastandi blóðsykurmælingar eru yfir viðmiðunarmörkum, það er 5,6 mmól/L eða hærri.
- Lyfið er gefið í læri einu sinni á sólarhring, á sama tíma dags, oftast að kvöldi um klukkan 22:00.
- Lyfið verkar í um 24 klukkustundir.
- Dæmi um tegundir langvirks insúlíns eru Insulatard og Lantus.

Skammvirkt insúlín

- Skammvirkt insúlín er notað ef mælingar eftir máltíð eru yfir viðmiðunarmörkum, það er 7,8 mmól/L eða hærri.
- Lyfið er gefið í kvið 15 mínútum fyrir máltíð.
- Dæmi um tegundir skammvirks insúlíns eru Novorapid og Fiasp.

Aðferð við gjöf insúlíns

1. Byrjað er að gefa fjórar einingar. Auka má skammtinn um tvær einingar annan hvern dag þar til blóðsykursgildi eru komin undir viðmið. Ekki þarf að sótthreinsa stungusvæði.
2. Pennanum er velt fram og aftur 3-4 sinnum fyrir gjöf og hann stilltur á þann fjölda eininga sem gefa á.
3. Klipið er létt í húð (sjá mynd 1) og nál látin mynda 90° horn við húð.
4. Stimpli er ýtt niður og þess gætt að hann fari alveg niður svo penni sýni „0“. Beðið er í 10 sekúndur áður en nál er fjarlægð.
5. Ef insúlínskammtur er hærri en 30 einingar má skipta honum í tvennt.



Mynd 1. Insúlíni sprautað undir húð.

Insúlínpenningar

Insúlínpenningar

- Insúlínpenningar eru seldir í pakkingu sem inniheldur fimm penna. Hægt að kaupa lyfið í flestum apótekum en ef stutt er eftir af meðgöngu er ráðlagt að kaupa stakan insúlínpenna og er hann eingöngu seldur í apóteki Landspítala.
- Pennann sem verið er að nota má geyma utan kælis. Ráðlagt er að geyma hina pennana í ísskap, helst efst í ísskápshurð.
- Gæta þarf þess að insúlín frjósí ekki og að ekki skíni sólarljós á það, þá skemmist það.

Nálar

Skipta þarf um nál í hvert sinn sem penninn er notaður. Nálar eru niðurgreiddar af Sjúkratryggingum Íslands. Læknir eða ljósmóðir þarf að senda rafræna hjálpartækjabeidni til að sækja um niðurgreiðsluna og tekur það oftast 1-2 daga að fá beiðni samþykkt.

Eftir fæðingu

Ef ekki voru notuð lyf til að lækka blóðsykur fyrir meðgöngu er lyfjameðferð hætt eftir fæðingu barns.

Símanúmer

Meðgönguvernd, fósturgreining og bráðapjónusta

543 3253

Þetta fræðslufni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðslufnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU
FEBRÚAR 2024
LSH-2055

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLJÓSMÓÐIR MEÐGÖNGUVERNDAR,
FÓSTURGREININGAR OG
BRÁÐAÞJÓNUSTU OG YFIRLÆKNIR
MEÐGÖNGU, FÆÐINGAR OG
SÆNGURLEGU.

HÖNNUN:
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR
LANDSPÍTALA